

Nd.

364. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Á eftir fyrstu málsgr. 3. gr. laganna bætist: Í kaupstöðum og öðru þéttbýli má þó boða fundinn með þriggja daga fyrirvara.

2. gr.

a. Fyrsta málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Aðalsafnaðarfund skal jafnan halda á tímabilinu frá 1. apríl til 1. júní ár hvert.

b. Aftan við sömu lagagr. bætist:

Heimilt skal að kjósa jafnmarga varamenn í sóknarnefndir, og gilda sömu reglur um kosningu þeirra, kjörgengi og kjörtímabil sem um aðalmenn. Varamenn taka sæti aðalmanna, sem ekki geta sinnt nefndarstörfum um stundarsakir, eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir í. Heimilt skal sóknarnefnd að kveðja varamenn sér til aðstoðar, þegar hún telur ástæður til.

3. gr.

a. Byrjun síðustu málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Safnaðarfulltrúar hafa 7 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru utan heimilis vegna héraðsfunda.

b. Við sömu lagagr. bætist ný málsgr.:

Heimilt er að kjósa varasafnaðarfulltrúa. Um kosningu hans, kjörgengi og kjörtímabil gilda sömu reglur og um safnaðarfulltrúa. Þegar safnaðarfulltrúi getur ekki sótt héraðsfund, kemur varafulltrúi í hans stað.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni dóms- og kirkjumálaráðherra, og hefur menntamálanefnd gert á því nokkrar smábreytingar, er henni þóttu betur fara.

Um 1. gr. Fundir ætlaðir kaupstaðabúum eru ekki að jafnaði auglýstir með hálfmánaðar fyrirvara, af því að allir vita, að það væri ekki annað en óþarfur kostnaður. Virðist ekki ástæða til að löghjóða kaupstaðasöfnuðum að taka á sig þann aukakostnað, þar sem jafnnauðsynlegt er að auglýsa safnaðarfundina næstu daga á undan þeim, hve rækilega sem þeir hafa verið auglýstir „með hálfmánaðar fyrirvara“.

Um 2. gr. a. Aprilmánuður þykir hentugri fundatími í kaupstöðum en maímánuður, og er fundartími því færður fram frá því, sem nú er.

b. Í fjölmönnum söfnuðum eru störf sóknarnefnda svo mörg og mikilvæg, að full ástæða er til, að þær hafi varamenn engu síður en ýmsar aðrar lögboðnar stjórnarnefndir. En með því hér er ekki farið fram á annað en heimildarlög, geta aðalsafnaðarfundir sleppt að kjósa þessa varamenn, þar sem fátt er um verkefni sóknarnefnda.

Um 3. gr. Lagt er til, að þóknun til safnaðarfulltrúa verði hin sama sem til sýslunefndarmanna, eða 7 kr. fyrir hvern dag, sem þeir eru að heiman vegna fundarhalds. Um varamenn safnaðarfulltrúa er hér lagt til að lögfesta venju, sem sums staðar hefur komið á.